



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM GAGNASKIL FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM GAGNASKIL FJÁRMÁLA-
FYRIRTÆKJA

2021 nr. 8

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 18. júní nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um gagnaskil fjármálafyrirtækja.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna út eiginfjárgrunn, eiginfjárkröfur, stórar áhættuskuldbindingar, vogunarhlutfall, lausafjárhlutfall og hlutfall stöðugrar fjármögnunar í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr. *Tíðni og form gagnaskila fjármálafyrirtækja.*

Fjármálafyrirtæki, sem skylt er að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja nr. 233/2017, skal skila gögnum á því formi sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/451, sbr. 3. gr. Gögnum skal skila með þeirri tíðni sem tilgreind eru í reglugerðinni.

3. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með vísan til 2. gr. öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 frá 17. desember 2020, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gagnaskil fjármálafyrirtækja til eftirlitsstofnana, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. *Official Journal of the European Union*): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R0451>, birt í OJ deild L nr. 97, þann 19. mars 2021, bls. 1-1955.

4. gr. *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í a-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, taka gildi 28. júní 2021. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 665/2021.